

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,25% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 55.000 kr. og að lágmarki 33.000 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 65.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 33.000 kr.

2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 218.928 miðað við 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlaginir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

| <i>Þvermál rörs</i> | <i>Verð kr.</i> | <i>Verð á metra umfram 25 m, kr.</i> |
|---------------------|-----------------|--------------------------------------|
| 25 mm | 218.928 | 3.681 |
| 32 mm | 295.326 | 3.809 |
| 40 mm | 383.910 | 5.414 |
| 50 mm | 518.293 | 5.999 |
| 63 mm | 725.585 | 6.672 |
| 70 mm | 1.052.098 | 7.464 |

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna starfseminnar, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða í samræmi við vatnsnotkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald er 26 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

| | |
|-------|------------|
| 15 mm | 8.882 kr. |
| 20 mm | 9.044 kr. |
| 25 mm | 11.642 kr. |
| 32 mm | 13.036 kr. |
| 50 mm | 19.198 kr. |
| 80 mm | 50.249 kr. |

4. gr.

Stofngjöld vegna vatnslagna utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og er miðað við að þau standi undir kostnaði við verkið. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða 28.120 kr. vegna sérhverrar skipulagðrar lóðar og vegna sérhvers lögbýlis skal greiða 135.026 kr.

Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun þess og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 26. október 2015 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. nóvember 2015 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1072/2014.

Hrunamannahreppi, 7. desember 2015.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015